

## 52. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 6. ágúst 2008, kl. 14:00.

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalbjörn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Fundargerðir:
    - a) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 17. júlí 2008
    - b) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 30. júlí 2008
    - c) Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 15. júlí 2008
    - d) Brunavarna A-Hún frá 29. júlí 2008
    - e) Héraðsráðs 20. júní 2008
  2. Bréf frá Samgönguráðuneytinu 28. júlí 2008
  3. Bréf frá Samgönguráðuneytinu 29. júlí 2008
  4. Kennslumagn fyrir skólaárið 2008 – 2009
  5. Árbakkinn
  6. Erindi frá Markviss
  7. Erindi frá Gólfklúbbnum Ós
  8. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
  - a) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 17. júlí 2008  
*Fundargerðin borin upp og samþykkt samhljóða.*
  - b) Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 30. júlí 2008  
*Fundargerðin tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.*
  - c) Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 15. júlí 2008  
*Lögð fram til kynningar*
  - d) Brunavarna A-Hún frá 29. júlí 2008  
*Lögð fram til kynningar*
  - e) Héraðsráðs 20. júní 2008  
*Lögð fram til kynningar*
2. Bréf frá Samgönguráðuneytinu 28. júlí 2008  
*Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 9. júlí sl. tillögu til samgönguráðherra að heildarúthlutun framlags á árinu 2008 til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts. Samgönguráðherra hefur samþykkt framangreinda tillögu ráðgjafarnefndar.  
Úthlutað framlag 2008 vegna lækkaðra fasteignaskattstekna til sveitarfélagsins er kr. 32.067.615*
3. Bréf frá Samgönguráðuneytinu 29. júlí 2008  
*Samgönguráðherra hefur, að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga, gefið út reglur um ráðstöfun 1.400 m.kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2008. Framlaginu er ætlað að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf fyrir sérstakt viðbótarframlag vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna. Reglurnar lagðar fram til kynningar.*
4. Kennslumagn fyrir skólaárið 2008 – 2009

Bæjarstjóri fór yfir og skýrði forsendur að baki beiðni um kennslumagn fyrir skólaárið 2008-2009. Jafnframt kynnti bæjarstjóri tillögu fræðslufulltrúa um kennslumagn fyrir skólaárið 2008-2009.

Bæjarráð samþykkir tillögu fræðslufulltrúa um kennslumagn fyrir skólaárið 2008-2009 og vísar til fræðslunefndar til kynningar.

**5. Árbakkinn**

Bæjarstjóri kynnti drög að kaupsamningi um kaup á Húnabraut 2.

Bæjarráð samþykkir kaupsamninginn og felur bæjarstjóra að ganga frá kaupsamningi. Bæjarstjóra jafnframt falið að framlengja samningi um skólamáltíðir við Árbakkann fram að afhendingu 1. janúar 2009. Skólamötuneytið verður boðið út frá og með 1. janúar 2009.

**6. Erindi frá Markviss ódagsett**

Markviss óskar eftir stuðningi Blönduóssbæjar við kaup á nýjum kastvélum.

Bæjarráð samþykkir kr. 300.000 styrk.

**7. Erindi frá Gólfklúbbum Ós dags. 22. júlí 2008**

Óskað er eftir stuðningi Blönduóssbæjar við uppbyggingu á aðstöðu golfklúbbsins í Vatnahverfi.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlungerðar 2008.

**8. Önnur mál**

**a) Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi dags. 6. ágúst 2008**

Farið er fram á að tölvukostur skólans sé endurnýjaður. Óskað hefur verið eftir tilboðum og liggja þau nú fyrir.

Bæjarráð samþykkir erindið og vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 15:20

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)  
Zóphónías Ari Lárusson(sign.)  
Kári Kárason(sign.)

Arnar Þór Sævarsson(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson(sign.)